Hvati

Hvati er þróunarverkefni í starfsendurhæfingu hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar. Virk starfsendurhæfingarsjóður styrkir undirbúning og gerð þróunaráætlunar verkefnisins. Markhópur þess er ungt fólk, 18-25 ára sem er í starfsendurhæfingu, atvinnulaust eða á framfærslu sveitarfélags og hefur þörf fyrir markvissa hvatningu til meiri virkni, sérfræðiaðstoð og mögulega sérfræðimeðferð til þess að geta komist í vinnu eða í nám.

Kveikja

Kveikjan að verkefninu var sú að hjá Starfsendurhæfingu Hfj hefur hlutfall ungs fólks á aldrinum 18 – 25 vaxið ört í hópi þátttakenda. Stór hluti þess fólks hefur glímt við vanvirkni og kvíða, hefur hætt námi eftir grunnskóla eða gefist upp á framhaldsskólanámi og hefur litla starfsreynslu. Meiri hlutinn býr við samskiptavanda, lýsir félagsfælni og á erfitt með að halda reglulegum takti á sínu daglega lífi. Áberandi er takmörkuð áhugahvöt, úrræðaleysi og lítil trú á eigin getu til þess að hafa áhrif og taka ábyrgð á eigin velferð. Fagfólk Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar telur brýnt að endurskoða nálgun og áherslur í þjónustu með stöðu og þarfir ungra þátttakenda að leiðarljósi. Taka þarf mið af því að um er að ræða ungt fólk með litla eða jafnvel enga starfsreynslu og því þarf að hafa í huga að sjónarhorn hæfingar getur átt jafn vel eða betur við heldur en endurhæfingar í úrræði fyrir þennan hóp.

Þróunarvinna

Þróun verkefnisins hófst í lok árs 2015. Gagnaöflun var unninn með rýnihópum og spurningalistum, lestri fræðigreina og viðtölum við sérfræðinga. Leitað var í smiðju annarra sem unnið hafa með þessum hópi innanlands. Farin var kynnis- og námsferð til Kanada í lok apríl 2017 sem reyndist mjög gagnleg, kveikti hugmyndir og veitti aðgang að gagnlegum verkfærum og aðferðum til að nota við framkvæmd.

Framkvæmdaáætlun fyrir úrræðið er tilbúin og verður það boðið Virk starfsendurhæfingarsjóði og öðrum sem gætu nýtt það fyrir sína umbjóðendur, t.d. félagsþjónustu sveitarfélaga (Hafnarfjörður og nágrenni) og Vinnumálastofnun.

Markmið

Að þátttakendur nái að auka:

- trú á eigin getu
- sjálfsþekkingu
- samskiptahæfni
- virkni og þátttöku innan fjölskyldu og í þjóðfélaginu
- vinnuhæfni
- vilja og trú á eigin getu til náms

Í lok úrræðis er stefnt að því að þátttakendur séu tilbúnir í vinnu eða nám, hafi raunhæfar áætlanir um næstu skref og getu til þess að fylgja þeim eftir.

Uppbygging

Úrræðið er sett upp sem 6 mánaða verkefni sem skiptist í 3 tímabil, ca 8 vikur hvert, þar sem tengsl við og þátttaka á vinnumarkaði er stigvaxandi. Dagleg virkni þátttakenda er áætluð 4 klst eða meira, alla virka daga.

Fyrsti hlutinn felst í sjálfseflingu, hópefli, samskiptaþjálfun og fræðslu og fer fram innan veggja Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar. Nálgun í fræðsluþætti úrræðisins er á virkni og þátttöku unga fólksins, að virkja áhugahvöt og frumkvæði þess.

Hluti tvö er tvískipur, áframhaldandi fræðsla ásamt vinnumarkaðstengingu og hluti þrjú er fyrst og fremst starfsþjálfun / -prófun og vinnumarkaðstenging s.s. aðstoð við atvinnuleit ásamt námsráðgjöf fyrir þátttakendur sem hyggja á nám.

Hvati skiptist í fjögur þemu:

- Ég / við (viðhorf, væntingar, réttindi, skyldur, áhugamál, gildi, hvatning, samskipti),
- Ég get (færni, styrkleikar, stuðningur),
- Ég ætla (framtíðarsýn og stefna, markmiðasetning)
- Ég skal (vinna að markmiðum, vinnumarkaður / nám)

Mikil áhersla verður lögð á vinnumarkaðstengingu og virkni með heimsóknum á og frá vinnumarkaði, starfsprófun og þátttöku í sjálfboðnu starfi. Veitt verður aðstoð við atvinnuleit og / eða náms- og starfsráðgjöf eftir aðstæðum hvers og eins þátttakanda.

Allir þátttakendur fá sinn ráðgjafa hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar sem aðstoðar þá við að halda utan um eigin mál, skipulag, markmiðasetningu og vinnu að markmiðum. Matslistar verða lagðir fyrir í byrjun, um mitt tímabil og við lok þátttöku.

Sérfræðiþjónusta:

Ef sérsniðnir hóptímar eða ráðgjöf reynist ekki nægjanleg hvatning og inngrip mun einstaklingsmeðferð í sérfræðiþjónustu standa til boða, enda sé hún talin nauðsynleg til þess að vinna á hindrunum eða styðja við atvinnuþátttöku. Er þar t.d. átt við fjölskylduráðgjöf, markþjálfun, meðferð sjúkraþjálfara, sjálfræðiviðtöl og uppeldisráðgjöf.

Ráðgjöf náms - / og starfsráðgjafa stendur þátttakendum til boða. Er þar um að ræða almenna náms- og starfsráðgjöf og áhugasviðsgreiningu ef þörf er á.

Stefnt er að því að úrræðið geti hafist í september eða október 2017 eða strax og unnt verður að fara af stað með 15 manna hóp þátttakenda.